



Dagsetning: 07.02.2020
Málsnúmer: 1806123/13.9

Til Eigna, skipulags og umhverfisnefndar

MINNISBLAÐ

Starfsleyfi urðunarstaðarins að Heydalamelum í Breiðdal rann út þann 1. júlí 2018. Sótt var um framlengingu til eins árs en þeirri beiðni var hafnað af Umhverfis- og Auðlindaráðuneytinu með bréfi dagsettu þann 29. Júní 2018. Í framhaldi af því ákvað Fjarðabyggð sem hefur nú umsjón með urðunarstaðnum að loka honum, sú ákvörðun var síðar dregin til baka og ákveðið að sækja um endurnýjað starfsleyfi með undanþágu sem byggðist á því að um afskekktu byggð væri að ræða eins og fyrra starfsleyfið kvað á um. Þeirri undanþágu var hafnað og hefur Fjarðabyggð því tekið endanlega ákvörðun um að loka urðunastaðnum.

Til að hægt sé að sækja um endanlega lokun svæðisins þarf sveitarfélagið að samþykkja ábyrgðayfirlýsingu þar sem sveitafélagið ábyrgist eftirlit og umsjón með urðunarstaðnum í 30 ár eftir lokun.

Ábyrgðaryfirlýsingin er svohljóðandi:

„Sveitastjórn Fjarðabyggðar ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitafélagsins í landi Rima, Mjóafirði sbr. 61.gr.laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Fjarðabyggðar er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.“

Íris Dögg Aradóttir

Verkefnastjóri á framkvæmdasviði